



//Á döfinni//

...: Íþróttæfingar Garps ...:

Mánudagar

kl. 14:20-15:20 Sundæfingar
fyrir allan aldur.
(Þjálfari: Sóley Margeirsdóttir)

Þriðjudagar

kl. 15:00-16:00 Glíma
fyrir allan aldur. Byrjar 19. sept.
(Þjálfari: Kristinn G.)

kl. 18:30-19:30 Frjálsar íþróttir
fyrir 9 ára og yngri.

kl. 19:30-21:00 Frjálsar íþróttir
fyrir 10 ára og eldri.
(Þjálfarar: Haraldur Gísli K. og
Gísella Hannesdóttir)

Miðvikudagar

kl. 15:00-16:00 Borðtennis/
Körfubolti - kennt til skiptis.
5.-10. bekkur.
(Þjálfari: Bæring J. Breiðfjörð G.)

Fimmtudagar

Knattspyrna KFR
kl. 15:15-16:00 7. & 6. flokkur
kl. 16:00-17:00 5.flokkur
(Þjálfari: Ólafur Örn Oddsson)

...: Samræmdu prófin ...:

Samræmdu prófin verða lögð fyrir
nemendur í 7. bekk fimmtudaginn
20. og föstudaginn 21. september
í íslensku og stærðfræði. Vikuna á
eftir þreyta nemendur í 4. bekk
próf í íslensku, fimmtudaginn 27.
og stærðfræði föstudaginn 28.
september.

...: Réttardagurinn ...:

Réttardagurinn er 20. september
og er skóli þann dag. Að
sjálfsögðu fá allir nemendur frí ef
þess er óskað. Nemendur í 7.
bekk þreyta samræmt próf og
verða því í skólanum að minnsta
kosti fram að hádegi.

...:Haustþing kennara...:

Föstudaginn 5. október er
haustþing kennara og þá eru
nemendur í fríi.

//Fréttir frá Laugalandsskóla//

...: Við skólaupphaf ...:

Sextugasta og fyrsta starfsár Laugalandsskóla er hafið. Sem og endranær var bæði eftirvænting og gleði meðal kennarahópsins og nemenda að hefja skólastarfið. Í ár eru þær breytingar á starfsmannahaldi að Björg K. Björgvinsdóttir er í árs leyfi, en Eyrún Óskarsdóttir fór til annarra starfa og þökkum við henni fyrir hennar góða starf við skólann. Stefán Erlendsson og Kristín Arna Hauksdóttir koma í þeirra stað. Stefán er með umsjón í 5. og 6. bekk ásamt dönskukennslu en Kristín Arna tekur við sérkennslunni. Þá hefur Stefán Ingimar Þórhallsson einnig hafið störf í skólanum í hlutastarfi. Helga Fjóra Guðnadóttir tekur við ráðskonustarfinu og bjóðum við þau öll velkomin til okkar.

Átta nýir nemendur mættu í skólann í haust, þar af 5 í 1. bekk. Við bjóðum alla nemendur og starfsfólk skólans velkomna til starfa og hlökkum til vetrarins og alls sem við eigum eftir að nema saman. Ekki síður hlökkum við til góðs og ánægjulegs samstarfs við foreldra en það er margsannað að góð samskipti heimila og skóla eru lykillinn að farsælu námi barnanna okkar.




1. bekkur Laugalandsskóla 2018-2019

Anna Sigríður Erlendsdóttir, Aron Dyröy Guðmundsson, Helgi Björn Guðjónsson, Ragnar Dagur Jóhannsson og Tinna Lind Brynjólfssdóttir

...: Námskynning ...:

Eins og undanfarin ár var foreldrum boðið að koma í skólann í upphafi skólaárs og kynna sér helstu áherslur vetrarins. Umsjónarkennarar höfðu undirbúið heimsóknina og kynntu námsáætlanir, námsefni og þau námsgögn sem þeir munu styðjast við í vetur. Þessi kynning er kjörið tækifæri fyrir foreldra til að koma saman og hitta umsjónarkennara barna sinna og ræða hvers kyns málefni sem varðar þau og starfsánægju þeirra. Starfsfólk skólans er ánægt með þessa kynningu enda gott samstarf heimila og skóla mjög mikilvægt til að nám barnanna verði sem best. Við þökkum þeim foreldrum sem áttu kost á að koma til okkar kærlega fyrir heimsóknina.



...: Frá bókasafninu á: Laugandi ...:

Opnunartímar
bókasafnsins veturinn
2018/2019 eru:



<u>Mánudagar</u>	kl.08:40 -09:30 og kl.11:50 -12:30
<u>Þriðjudagar</u>	kl.08:40 -09:30 og kl.11:50 -12:30
<u>Miðvikudagar</u>	kl.08:40 -09:30 og kl.11:50 -12:30
<u>Fimmtudagar</u>	kl.10:10 -11:10 og kl.19:30 -21:30
<u>Föstudagar</u>	kl.10:15 -10:45



Þrónakvöld verður á bóka-
safninu fyrsta fimmtudagskvöld í
hverjum mánuði. Allir velkomnir
með handavinnuna sína, einnig
þeir sem vilja bara hitta fólk eða
glugga í blöð og bækur.
Verið velkomin!

...: Dansvikan ...:

Senn líður að dansvikunni sem er
fastur liður við skólann en hún
verður 15.-19. október. Að venju
kemur Auður Haraldsdóttir til
okkar og kennir
öllum nemendum
dans á hverjum degi
í eina viku. Í lok
vikunnar er svo
foreldrum nemenda
á yngsta- og miðstigi boðið að
koma á sýningu og sjá afrakstur
kennslunnar.



...: Haustball:...

Haustball skólanna þriggja í
Rangárvallasýslu auk skólanna í
Vík og á Kirkjubæjarklaustri
verður haldið miðvikudaginn 10.
október á Hvolsvelli.

...: Gróðurhús og Korfuboltavöllur ...:

Seinnipart föstudagsins 10. ágúst sl. mættu nokkrir
galvaskir foreldrar í útistofu skólans til að gera
undirstöður fyrir gróðurhús sem þar á að setja
upp. Nokkrum dögum síðar var aftur farið af stað
og gróðurhúsið reist. Þetta er spennandi áfangi og
verður skemmtilegt að geta nýtt þessa frábæru
viðbót í útistofunni okkar til margvíslegra tilrauna í
skólastarfinu.



Í sumar hófust einnig framkvæmdir við nýjan
korfuboltavöll á skólalóðinni og er hann nú tilbúinn.
Við biðum þó eftir kórfunum sem eru væntanlegar
á næstu dögum.



Starf foreldra er ómetanlegt í vinnu sem þessari og
kunnum við þeim miklar þakkir fyrir þeirra framlag.



...: Íþróttatímar ...:

Eins og ávallt er hjá okkur fer íþróttakennslan af stað með **sundkennslu og útileikfimi** fyrstu vikunnar. Tilkynning er send heim þegar íþróttakennslan færir inn í íþróttahús. Stundum kemur upp sú staða að ekki er hægt að fara í sund m.a. sökum veðurs og þá eru íþróttir. Það er því mikilvægt að í íþróttatöskunni séu bæði sund- og íþróttaföt.



...: Veiðivötn ...:

Þann 11. september fór 9. bekkur ásamt Sigurjóni og Sverri í Gíslholti, í Veiðivötn. Eins og ávallt var veiðin ekki það sem skipti mestu máli heldur samveran og það að vera í náttúrunni. Þrátt fyrir forföll í bekknum nutu þau sem komust ferðarinnar. Hér má líta nokkrar góðar myndir teknar í ferðinni.

